

11.júlí 2014

## Yfirlýsing frá "talskonunum" Ástu S.H. Knútsdóttur og Sesselju E. Barðdal.

Í ljósi fréttáflutnings síðasta sólarhrings finnum við okkur knúnar til að varpa skýrari ljósi á niðurstöðu Héraðsdóms í meiðyrðamáli Gunnars Þorsteinssonar gegn okkur og vefpressunni.

Af þeim 21 ummælum sem Gunnar krafðist ómerkingar á voru einungis 5 dæmd ómerk og byggðist sá dómur fyrst og fremst á lagatæknilegum forsendum. Einungis eitt þessara ummæla taldist á ábyrgð okkar "talskvenna".

Öll önnur ummæli stóðust fyrir dómi og var það mat dómsins að frásagnir kvennanna, sem báru vitni um kynferðisbrot Gunnars, væru trúverðugar. Í okkar augum skiptir það mestu máli og því lýsum við yfir sigri í þessu máli.

Við viljum nota tækifærið og þakka öllum þeim fjölmörgu sem veitt hafa stuðning í þessu máli en ekki síst blaðamönnum Pressunni fyrir að trúá reynslusögum kvennanna og birta þær, og leggja þannig sitt af mörkum í baráttunni gegn þöggun.

Kröfu Gunnars um miskabætur var vísað frá en málsaðilum gert að greiða sinn lögfræðikostnað.

Við fögnum niðurstöðu Héraðsdóms og teljum dóminn hafa fordæmisgildi fyrir mál af þessu tagi. Að sama skapi erum við uggandi yfir því að hægt sé að ógna þolendum kynferðisbrota og/eða stuðningsfólki þeirra með lögsókn fyrir að segja sögur sínar opinberlega. Hliðstæð mál hafa komið upp erlendis og er þá tilgangur málsmeðferðar fyrst og fremst að skapa ótta hjá þolendum og/eða stuðningsfólki við málskostnað, vinnutap, umtal og annað sem valdið gæti miska.

Þrátt fyrir átök, erfiða tíma og óumflýjanlegan lögfræðikostnað í máli þessu var vegferðin með konunum sjö sannarlega þess virði. Með kjarki sínum og hugrekki stuðluðu þær að opnari umræðu um kynferðisbrot og lögðu þannig sitt af mörkum við að gera þjóðfélagið okkar betra og öruggara dætrum okkar og sonum til handa.

Ásta S.H. Knútsdóttir

Sesselja E.Barðdal.